

A'rssky'rsla A'sa og Litlu A'sa 2015-2016.docx

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Leikskólinn Ásar
Bergási 1
210 Garðabæ
Sími 564 0200
asar@hjalli.is

Leikskólinn Litlu - Ásar
Vífilsstaðavegi 118
210 Garðabæ
Sími 564 0212
litluasar@hjalli.is

Efnisyfirlit

1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn	2
1.1. Mat á skólaári 2015-2016	2
1.2. Starfið næstkomandi ár	2
2. Fagstarf	3
2.1. Námskrármarkmið	3
2.1.1. Aðalnámskrá leikskóla	4
2.1.2. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar	7
2.1.3. Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs	10
2.2. Leikskólastarfið	10
2.2.1. Aðlögun nýrra barna	10
2.2.2. Dagskipulag	11
2.2.3. Skólaföt	11
2.2.4. Ferðir og uppákomur	12
2.2.5. Gestir	13
3. Starfsmannahald	14
3.1. Móttaka nýrra starfsmanna	14
3.2. Símenntun og starfsþróun	14
3.3. Faglegur stuðningur og innra samstarf	15
3.4. Nám með vinnu og námsleyfi	15
4. Samstarf	16
4.1. Samstarf og tengsl utan leikskólans	16
4.1.1. Tengsl við ráðgjafarþjónustu	16
4.1.2. Tengsl við aðra leikskóla	16
4.1.3. Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf	16
4.1.4. Nemar	17
4.2. Samstarf heimilis og skóla	17
4.2.1. Daglegt samstarf	17
4.2.2. Upplýsingastreymi	17
4.2.3. Fundir og viðtöl	18
4.2.4. Þátttaka foreldra	18
5. Ytri umbúnaður leikskólastarfsins	19
6. Tölulegar upplýsingar	19
6.1. Nemendur	19
6.2. Starfsfólk	20

Ársskýrsla leikskólans Ása fyrir skólaárið 2015 - 2016

1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn

1.1. Mat á skólaárinu 2015- 2016

Vel hefur tekist að fylgja þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi fagstarfið þetta árið. Mikið og metnaðarfullt starf hefur einkennt starfsmannahópinn sem stendur saman í því að gera góðan skóla enn betri.

Hjallastefnuskólar og þar með leikskólarnir Ásar og Litlu Ásar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Að hausti er að jafnaði lögð starfsmannakönnun fyrir starfsfólki leikskólans þar sem grennslast er fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Á haust- og vorönn fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barnanna, félagslega og einstaklingslega stöðu þeirra sem og gengi í leikskólanum almennt. Síðan er farið yfir gátlistann með foreldrum í foreldrasamtölum. Á haustönn er send út foreldrakönnun þar sem foreldrar eru beðnir um að meta þjónustu leikskólans og fagstarf eins og það snýr að þeim og barni þeirra. Hjallastefnuskólar taka þetta mat á skólastarfinu mjög alvarlega og ef óánægju virðist gæta í einhverjum þætti skólastarfsins er tafarlaust gengið í þær breytingar sem þarf til þess að bæta úr. Niðurstöður koma bæði fyrir skólann í heild sinni og hvern kjarna fyrir sig. Það auðveldar okkur að gera úrbætur um leið. Á starfsmannafundi er farið í gegnum niðurstöður, hver kjarni vinnur með sínar ábendingar og finnur leiðir til úrbóta. Nánar er fjallað um mat á starfi Ása í skýrslu leikskólans um Innra mat.

1.2. Starfið næstkomandi ár

Leikskólinn Ásar mun í starfi næsta árs halda áfram að byggja ofan á það góða starf sem búið er að leggja grunn að. Ásar munu halda áfram í þróunarverkefninu Leikur að læra næsta skólaár eins og á því síðasta. Við erum alltaf að endurmeta hvernig við getum náð markmiðum okkar enn betur. Við störfum eftir markmiðum Aðalnámskrár leikskóla og Námskrár Hjallastefnunnar og notumst við starfshætti Hjallastefnunnar til að ná fram markmiðum okkar. Kjarnarnir eru aldursskiptir þannig að auðveldara er að vinna að markmiðum leikskólans með hvert aldursstig. Í hópastarfinu er unnið eftir ákvæðnu lotukerfi samkvæmt námsskránni okkar. Þar erum við að efla félags- og einstaklingseiginleika barnanna. Loturnar eru sex og stendur hver lota yfir í fjórar vikur. Á haustönn byrjum við á agalotu, svo kemur sjálfstyrkingarlota og að lokum samskiptalota. Á vorönn er byrjað á jákvæðnilotu, svo er vináttulota og endað á áræðnilotu. Í hverri viku



er á ýmsan hátt unnið með orð sem tengist viðkomandi lotu. Nánar má lesa um þetta í kafla 2.1.2. Við höfum skipulagt kynjablöndun með þeim hætti að vinahópar hittast daglega. Rannsóknir hafa sýnt að ekki er nóg að kynjaskipta heldur þarf að vinna markvisst með kynin saman. Við leggjum áherslu á að kynin hittist á jafnréttisgrundvelli þar sem þau æfa virðingu, jákvæðni og kærleika sín á milli.

Enskukennsla hélt áfram í vetur þar sem unnið er með hvert aldursstig í leikskólanum. Enskukennslan fer fram í gegnum söng og leik. Þess á milli viðhalda aðrir kennarar því sem lagt er fyrir. Enskukennsla er 3 vikur á hvorri önn. Á Litlu Ásum fer fram enskukynning hjá hópstjórum með söng og leikjum.

Tónlist er í hávegum höfð í Hjallastefnuskólum. Daglega er sungið inná kjörnum og á hverjum föstudegi er söngfundur þar sem allri syngja saman og hver fyrir annan. Í júní komu tvær tónlistakonur, Hildur og Heiða, og voru með söng- og tónlistarnámskeið fyrir öll börn á Ásum í tvær vikur.

Á Ásum er gert ráð fyrir mikilvægi hreyfingar og hóparnir fara í alls konar hreyfistundir með kennurum sínum. Við notum salinn undir slíkar stundir, einnig okkar nánasta umhverfi sem er upplagt fyrir hreyfingu, fótbolta og fleira. Upp með púlsinn einu sinni á dag er málið.

Skipulagðar hreyfistundir hafa verið í formi jógakennslu þar sem börnin koma inn á sal og læra jógaæfingar og reglur og jákvæðan aga. Umsjón með jóganu hefur verið í höndum Aðalheiðar Jensen. Hún kemur í fjórar vikur á haustönn og fjórar vikur á vorönn. Inn í jóгатímana hefur fléttast inn núvitundarkennsla sem Aðalheiður hefur séð um.

Litlu Ásar halda áfram með yngstu börnin og þar er mikið lagt upp með röð, reglu og rútínu. Við náum því með gleði, kærleik og námd. Á Litlu Ásum verður boðið upp á jóga á þessu skólaári eins og í fyrra.

Nánari útfærslu starfsins á næsta skólaári má sjá í Starfsáætlun Ása og í skóladagatali.

2. Fagstarf

2.1. Námskrármarkmið

Hjallastefnan starfar eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir Aðalnámskrá leikskóla og uppfylla öll markmið hennar, þó að stundum séu farnar óhefðbundnar leiðir að þeim markmiðum. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli.


2.1.1. Aðalnámskrá leikskóla

Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna

með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum. Í þessum kafla er vitnað til Aðalnámskrár leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1999).

2.1.1.1. Hreyfing

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: „Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi.“ Fjölmargir þættir í Hjallastefnustarfi styðja þessa áherslu Aðalnámskrár. Þrátt fyrir að skylduútvíst sé ekki notuð gefast börnunum næg tækifæri til útvistar en á val tíma er útisvæði ávallt í boði og þá er um að ræða frjálsan leik í kynjablönduðum hópi. Í hópatímum er mikið farið út en óskrifuð regla er að hver hópur fari oftast nær út í öðrum hópatíma dagsins og þá til þess að vinna eitthvað ákveðið verkefni með kennara sínum, fara í gönguferð, hlaupa, gera leikfimi og svo mætti lengi telja. Á innisvæðum í val tíma gefst líka tækifæri til hreyfingar en eitt valsvæðanna sem í boði eru er leikstofa þar sem er aðstaða til ærslaleikja og hreyfingar. Að auki eru einingarkubbar (Unit-blocks) á gólfmottu alltaf í boði á val tíma en kubbarirnir voru hannaðir af bandaríska uppeldisfrömuðinum Caroline Pratt gagnert í því skyni að gefa börnum kost á grófhreyfingum innandyrá í litlu rými. Þar sem Hjallastefnuskólar nota opinn efnivið er lítið svo á að allt sem inni á kjarnanum er sé opinn efniviður og til fjölbreytilegra nota. Þannig eru húsgögn einnig notuð sem leikefni og er algennt að byggja svokallaðar þrautabrautir úr borðum og stólum sem gefa kost á fjölbreytilegri hreyfingu. Dans er einnig mikið notaður í Hjallastefnustarfi; bæði sem tjáningarform en einnig sem holl og upplifgandi hreyfing. Hjallastefnuskólar nota skólaföt, meðal annars í því skyni að tryggja að börnin séu í fatnaði sem þægilegt er að hreyfa sig í.



2.1.1.2. Málrækt

„Málörvun á að flétta inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins.“ segir í Aðalnámskrá leikskóla og í Hjallastefnustarfi er það einmitt gert. Mikil áhersla er á söng þar sem langir og stundum flóknir textar æfa tilfinningu fyrir málnotkun og hrynjandi tungumálsins, þulur eru þuldar og vísur kveðnar líkt og annars staðar í leikskólastarfi en í Hjallastefnunni er síðan lögð rík áhersla á málskilning og merkingu tungumálsins sem ef til vill fer fram með öðrum hætti en gengur og gerist í öðru skólastarfi. Margir sem hafa kynnt sér Hjallastefnustarf taka eftir sérkennilegri málnotkun sem er hluti skólamenningar Hjallastefnuskóla. Þannig eru gömul íslensk orð oft notuð í stað algengari orða, til þess að gefa daglegri notkun tungumálsins aukna dýpt, auka orðaforða barnanna og brjóta upp staðlaðar hugmyndir og gildishlaðnar klisjur. Sem dæmi um þetta eru börnin gjarnan kölluð „stúlkur“ og „drengir“ í stað „stelpur“ og „strákar“, síðdegishressing barnanna kallast „nónhressing“, allt starfsfólk leikskólans kallast „kennarar“ og að finna sinn innri kjarna og beina athyglinni að sjálfum sér er að „kjarna sig“ í merkingunni að fjarlægja hismið og finna kjarnann. Jafnréttisáherslan kemur einnig fram í málnotkuninni en í vali orðalags er reynt að gæta jafnréttis og t.d. er börnum hrósað og þau hvött til dáða með kynhlutlausum orðum á borð við „frábær“ eða „flott/ur“. Mikil áhersla er lögð á tjáningu í Hjallastefnustarfi og börnunum markvisst kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt.

Þessi þáttur er innbyggður í valkerfið en einnig fjallar einstaklingsþáttur kynjanámskrárinnar að stórum hluta um þennan lið. Tungumálið er völdugt samskiptatæki sem getur myndað stórkostleg samskipti fólks í milli en getur líka verið hárbeitt vopn. Í Hjallastefnustarfi er leitast við að kenna börnum muninn þarna á milli og markvisst er unnið að því að kenna þeim þá ábyrgð sem felst í orðum og þeim kennd hugtök til þess að skilgreina erfið samskipti svo sem nýyrðið „bögg“ (sem leiðir af sér sögnina „að bögg“) sem túlkar stríðni sem fer yfir mörkin, neikvæðan tón eða viðhorf eða jafnvel einelti án þess þó að vera svo alvarlegt og neikvætt gildishlaðið.

2.1.1.3. Myndsköpun

Aðalnámskrá leikskóla segir að: „Í leikskóla á að veita barni fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnum.“ Í hverjum val tíma í Hjallastefnuskólum, sem fram fer tvisvar sinnum á dag, gefst börnunum kostur að velja sér föndurkrók þar sem í boði eru einföldustu hlutir til þess að vinna að myndmennt. Í föndurkróknum eru í boði; litir, pappír, skæri, límband, heftari, gatari, yddari, auk ítarefnis sem stundum er bætt inn og getur verið verðlaust föndurefni, vatnslitir, þekjumálning eða hvað annað sem kennurum og börnum dettur í hug. Í valinu er einnig í boði leirkrókur þar sem börnum gefst kostur á massavinnu sem auðveldar þrívídd. Í leirkróknum er oftast heimagert leikdeig og algengustu verkfæri, en stundum er boðið upp á plastleir sem reynir meira á fingurna eða jafnvel jarðleir sem gefur kost á því að brenna verk barnanna til varðveislu. Í hópatímum er svo unnið mikið í myndsköpun og má segja að eina takmörkunin í þeirri myndsköpun sé hversu langt hugarflug kennara og barna nær. Í vetur fóru elstu börnin okkar í heimsókn í opinni viku í barnaskólann á Vífilstöðum þar sem tekið var á móti þeim og þau fóru í verkefnavinnu. Einnig var þetta þáttur í að brúa bilið milli skólanna þar sem að flest börnin okkar fara síðan í barnaskólann.

2.1.1.4. Tónlist

„Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana..“ segir í Aðalnámskrá leikskóla. Tónlistariðkun hefur ætíð verið eitt af aðalsmerkjum Hjallastefnustarfs. Í leikskólastarfinu er tónlist notuð mjög markvisst bæði til hlustunar, við dans og aðra tjáningu, í leikjum og ekki síst er sungið býsnin öll í leikskólanum. Í Hjallastefnustarfi er tónlist aldrei notuð sem bakgrunnur í leik barnanna þar sem slíkt getur verið streituvaldandi og í leikskólunum er lögð áhersla á áreitalítið umhverfi, en því meira er hún notuð í hreyfileikjum og annarri markvissri vinnu. Börnunum gefast líka tækifæri til þess að prófa hljóðfæri og ýmsa hljóðgjafa auk þess sem margir hópar taka sig öðru hvoru til og búa til sín eigin hljóðfæri. Söngur er svo aðalsmerki tólistariðkunar í Hjallastefnuleikskólum og er sungið daglega og vel gætt að því að börnin hafi alltaf ný og skemmtileg sönglög til þess að glíma við. Vikulega er söngnum og annarri tónlistariðkun helguð sérstök stund sem kallast söngfundur þar sem stúlkur og drengir af mörgum kjörnum koma saman og syngja og dansa.



2.1.1.5. Náttúra og umhverfi

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að „Barn þarf að kynna fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar.“ Hjallastefnan leggur áherslu á náttúrulegt útisvæði og í flestum skólum er reynt að hafa útisvæðin eins náttúruleg og mögulegt er, þar sem sandpyttir, moldargryfjur og vatn gefa kost á massavinnu úti, grjót, klettar, mishæðir og opin svæði gefa kost á fjölbreyttri hreyfingu og smíðaspýtur og áhöld, málning, penslar, krítar og fleira gefa kost á skapandi vinnu utandyra. Á heildina litið má segja að á útisvæðum Hjallastefnuskóla sé lögð áhersla á að nýta náttúruna sjálfa til að styðja við leik barnanna í stað tilbúinna lausna á borð við rólur og vegasölt. Náttúran umhverfis leikskólann er einnig auðlind sem mikið er nýtt í starfinu og einnig er farið í lengri vettvangsferðir til þess að njóta náttúrunnar. Reynt er eftir fremsta megni að gefa börnum tækifæri til þess að kynna dýrum en vegna ofnæmishættu eru einu gæludýrin sem mögulegt er að hafa í leikskólanum fiskar í búrum. Í Hjallastefnunni er lögð áhersla á ábyrgð gagnvart náttúrunni með endurvinnslu eftir því sem starfssemi leikskólans leyfir en aðallega felst ábyrgðin í því að hamlar gegn sóun á þeim vörum og hlutum sem takmarka auðlindir náttúrunnar eða menga hana.



2.1.1.6. Menning og samfélag

„Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á.“ Segir í Aðalnámskrá leikskóla. Hjallastefnuskólar reyna að leita ekki langt yfir skammt í þessu efni og nýta þann mannauð sem leikskólinn sjálfur hefur upp á að bjóða. Fjölskylduaðstæður barnanna sjálfra og kennaranna gefa kost á umfjöllun um marga þætti samfélagsfræða og menningar svo sem mismunandi búsetuhætti, ólík fjölskyldu- og sambúðarform, fjölskyldutengsl og atvinnulíf. Styttri og lengri vettvangsferðir gefa kost á því að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og því sem það hefur upp á að bjóða en einnig heimsóknum í menningarstofnanir. Hefðir og hátíðahöld eru hluti af menningu hvers samfélags og í Hjallastefnustarfi eru slíkir viðburðir í hávegum hafðir, upp að þeim mörkum þó að þeir skapi börnunum streitu eða vanlíðan af öðru tagi. Sem dæmi um þetta má nefna jólaundirbúning í Hjallastefnuskólum en mikið er lagt upp úr því að börnin hljóti jákvæða upplifun af undirbúningnum en jafnframt er reynt að hlífa þeim við streitu og neyslukapphlaupinu sem oft fylgir. Í umfjöllun Hjallastefnuskóla um menningu og samfélag er kappkostað að brjóta upp staðalmyndir kynja og kynþátta og leggja áherslu á mikilvægi þess að hver einstaklingur fái að njóta sérkenna sinna innan þess samfélags sem hann lifir og hrærist í.

2.1.2. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Hugmyndafræðilegur grundvöllur jafnréttisuppeldis Hjallastefnunnar byggir á því að kynin séu ólík. Þessi viðurkenning á því að stelpur og strákar séu ekki eins, felur í sér að ólíkum vinnubrögðum þurfi að beita fyrir hvort kyn.

„Kynin haga sér ólíkt, birta sig ólíkt, bregðast ólíkt við – þau tala ólíkt og leika sér líkt....hvernig getum við þá brugðist „eins“ við báðum kynjum nema hafna í

„meðaltals“ starfsháttum sem þjóna hvorugu kyninu?“(Margrét Pála Ólafsdóttir, 1999).

Stúlknauppeldið eða einstaklingsþjálfunin, gengur út á að bæta stúlkunum upp þá þjálfun sem þær hafa ekki hlotið vegna þess að þær eru stúlkur og eru það einstaklingsþættir sem skiptast í þrjú meginsvið: í fyrsta lagi sjálfstæðiskennslu, sjálfsvitund og sjálfstraust, í öðru lagi jákvæðni og hreinskiptniþjálfun og í þriðja lagi kraft- og kjarkkennsla. Drengjauppeldið eða félagsþjálfunin, gengur út á að bæta drengjunum upp þá þjálfun sem þeir hafa ekki hlotið vegna þess að þeir eru drengir. Það eru helst félags- eða samskiptaþættirnir sem drengina vantar en þeir skiptast í þrjú meginsvið: í fyrsta lagi hegðunarkennslu, í öðru lagi viðhorfakennslu og í þriðja lagi nálægðarkennslu. Bæði kyn fá auðvitað báðar tegundir þjálfunar en í ólíkum hlutföllum eftir því sem hvort kyn skortir. Í þessum kafla er vitnað til Námskrár Hjallastefnunnar (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1999)

2.1.2.1. Sjálfstæðiskennsla, sjálfsvitund og sjálfstraust

Í byrjun einstaklingsþjálfunar er áherslan lögð á að styrkja vitund stúlkanna um sjálfar sig sem einstaklinga og hvetja þær til þess að taka sér líkamlegt rými. Í kennslufræði Hjallastefnunnar er þetta m.a. gert með því að ávarpa stúlkurnar ávallt hverja og eina með nafni í stað þess að tala til þeirra sem hóps, hrósa þeim óspart með kynhlutlausum hrósyrdum s.s. „þú ert frábær“ og dást að þeim við hvert tækifæri, æfa framsögn og framkomu t.d. með því að hver og ein segi sögu, syngi eða fari með brandara frammi fyrir hópnum og merkja svigrúm í leikfimi og dansi til þess að tryggja að þær taki sér nægilegt líkamlegt pláss. Einnig þarf að gæta þess að klæðaburður stúlkanna og hárið hamli þeim ekki í líkamlegri hreyfingu.



2.1.2.2. Jákvæðni og hreinskiptniþjálfun

Annað stig einstaklingsþjálfunar Hjallastefnunnar er jákvæðnikennsla til þess að stúlkurnar læri að koma óskum sínum og skoðunum að á hreinskiptinn hátt. Þetta er gert með því að minnka þolendaskilaboð til þeirra „ekki segja ekki“ heldur gefa þeim frekar skýrt til kynna hvað má gera í staðinn. Einnig er á þessu stigi farið af fullri alvöru í að takast á við nöldurtón og klögumál með því að benda stúlkunum á leiðir sem nota má í staðinn og æfa þær. Sem dæmi um slíka æfingu er að þegar stúlkurnar gefa frá sér þolendaskilaboð s.s. „mér er kalt“ eða „hún var að pota í mig“ þá spyr kennarinn: „hvað ætlar þú að gera í því?“ í stað þess að afhenda lausnina og bjarga barninu úr vandræðunum. Niðurstaðan úr þess háttar æfingum er yfirleitt sú að stúlkurnar finna leið út úr þolendahlutverkinu og leysa málin á jákvæðan hátt; s.s. með því að fara í peysuna sína í stað þess að kvarta yfir kulda og biðja sessunaut sinn kurteislega að hætta potinu í stað þess að vænta þess að þriðji aðili bjargi þeim úr klípunni. Í þessum áfanga einstaklings-uppeldisins er mikil áhersla lögð á að æfa gleði og glens, hvetja stúlkurnar til þess að taka lífinu með minni alvöru og leyfa sér að kætast. Þetta getur reynt á kennarann jafnt og börnin, því fullorðnir eru ekki síður en börn oft orðnir of vanir því að detta í nöldurtón og kvabb.

2.1.2.3. Kraft- og kjarkkennsla

Þriðji megin þáttur einstaklingsuppeldisins er síðan kraft- og kjarkkennsla sem á að gefa stúlkunum sjálfmynd „...sterkra og hraustra stúlkna sem geta allt sem þær vilja...“ eins og segir í Námskrá Hjallastefnunnar. Þetta er gert með stöðugri hvatningu til þess að ögra

þeim út fyrir hinn hefðbundna ramma kvenhlutverksins, frá óvirkni þolendahlutverksins yfir í gerendahlutverk.

Til þessa er líkamleg hreyfing ein besta leiðin og Hjallastefnan notar svokallaðar kjarkæfingar til að æfa kjark og frumkvæði. Kjarkæfingar Hjallastefnunnar eiga að vera óvenjulegar, fjörugar, líkamlegar og hávaðasamar. Æfingarnar eiga að vera óvenjulegar til þess að brjóta upp hefðbundna hugsun um hvað má og má ekki og sigrast þannig á tabúum og fyrirframgefnum hugmyndum um hvað „passar“ við tilteknar aðstæður. Dæmi um slíka æfingu er leikur með ósoðin egg sem er spennandi og gefur stúlkunum þá tilfinningu að þær séu að sigrast á einhverju hættulegu og þess vegna séu þær hugrakkar auk þess sem slíkur leikur brýtur tabúið „ekki leika með matinn“. Áherslan á að kjarkæfingarnar séu líkamlegar og hávaðasamar er einnig mikilvæg í þessu sambandi því ætlun æfinganna er að draga fram frumkraftinn í stúlkunum sem of oft er búið að bæla niður í klafa kvenhlutverksins. Kjarkæfingunum tilheyrir síðan mistakaæfingar sem felast í því að eftir að stúlkurnar hafa æft kjarkinn um töluvert langa hrið setur kennarinn þeim fyrir verkefni sem fyrirfram er dæmt til þess að mistakast og kennir síðan heppileg viðbrögð við mistökum s.s. „gengur betur næst!“ og „æfingin skapar meistaran!“ Tilgangurinn með þessum æfingum er að sigrast á mistakaótta stúlkanna en ótti stúlkna og kvenna við mistök er oft rótgróinn og mesta hömlun þeirra en svokallað lært hjálparleysi kvenna er ein af afleiðingum þessa ótta.



2.1.2.4. Hegðunarkennsla

Hegðunarkennslan er grundvöllur þess að tveir seinni þættir félagsþjálfunarinnar geti gengið upp. Þessi grunnþáttur þjálfunarinnar felst að stærstum hluta í að aga drengina, kenna þeim ásættanlega framkomu við aðra og að þjálf þá í hlusta á og fara eftir fyrirmælum. Þetta er samkvæmt Handbók Hjallastefnunnar grundvöllur þess að vel geti tekist með seinni þætti þjálfunarinnar vegna þess að án þessarar grunnfærni þ.e. að ef drengirnir kunna ekki að fara eftir reglu, koma illa fram við aðra og geta ekki hlustað á fyrirmæli eða leiðbeiningar, þá verður lítið um nám á öðrum sviðum. Aðferðirnar sem notaðar eru skv. Hjallastefnunni til þess að aga eru að stærstum hluta fyrirbyggjandi; t.d. er drengjunum kennt að fara í röð, allir eiga föst sæti svo ekki þurfi að rífast um þau og umferðarreglur og vinnusvæði eru merkt með vel sýnilegu límbandi á gólf. Kennarar forðast aðfinnslur og nöldur og gefa einföld og skýr fyrirmæli, sem síðan er fylgt eftir til enda. Opinskátt er rætt við drengina um að þeir séu að æfa hegðun og að góð hegðun sé eftirsóknarverð. Þeir fá hvatningu og hrós þegar vel gengur og kennarar leggja sig fram um að sannfæra þá um að þeir verði og séu frábærir í því að haga sér og vera prúðir piltar. Fyrirmælaæfingar eru síðan notaðar til þess að æfa drengina í að hlusta eftir fyrirmælum kennarans og er þetta að stórum hluta kennt í gegnum leik og hreyfingu, t.d. með þrautabrautum, hópleikfimi, og göngu- og hlaupaferðum þar sem mismunandi aðferðir eru notaðar til þess að fara á milli áfangastaða.



að
til
ná

2.1.2.5. Viðhorfakennsla

Margrét Pála Ólafsdóttir telur að eitt helsta verkefni skólans sé að kenna og móta viðhorf barna og einn mikilvægasti þátturinn er viðhorf þeirra til hlutverka og hegðunar kynjanna



og í Hjallastefnunni er byrjað á viðhorfi drengjanna til sjálfra sín. Leitað er leiða til þess að gefa piltunum þá sjálfsmynd að þeir séu, eins og stendur í Námskrá Hjallastefnunnar, „...fallegir, ljúfir og vingjarnlegir einstaklingar...“ og að þeir eignist hæfnina til náinnar vináttu. Þetta er m.a. gert með því að rækta vináttuanda í hópnum; ræða mikið um vináttuna, búa til sérstakar hefðir fyrir hópinn sem gefur piltunum jákvætt hópstolt s.s. sérstök sönglög eða sérstaka hópheilsun. Rætt er opinskipt um einelti og viðbrögð við því og

drengjunum kennt að verjast stríðni og áreitni og að verja vini sína fyrir því sama og einnig æfa þeir sig í því að skoða og skilja hvenær þeir sjálfir eru að senda einhverjum neikvæð skilaboð eða „bögg“. Drengirnir æfa sig í að gæta bróður síns og kennarar fela þeim alvöru verkefni í þessum tilgangi s.s. að hjálpa hver öðrum í fataklefanum, hugga vini sína, gæta yngri drengjanna o.s.fv. og í kynjaskiptu starfi kemur í ljós að piltarnir hafa töluverðan áhuga á að sinna yngri börnum og gera það með gleði – þegar stúlkurnar eru ekki til staðar til að taka hlutverkið! Mikilvægt er í viðhorfakennslunni að kennarar aðstoði drengina út úr blóraböggulshugsun og spyrji t.d. aldrei „hver byrjaði slagsmálin?“ eða hvað „gerðist?“ heldur hjálpi piltunum að leita leiða til þess að laga málin og gera gott úr öllu. Ef einhver hellir niður mjólkinni sinni er t.d. tilvalið fyrir kennarann að hella niður líka til að afnema „sekt“ drengsins sem helkti niður og minnka mistakaóttann með því að sýna sjálfur jákvæð viðbrögð s.s. „gengur betur næst!“ og hlæja svo bara að öllu saman. Svokallað „millimetralýðræði“ er notað mikið í drengjauppeldi Hjallastefnunnar til þess að kenna piltunum réttlætishugsun sem Margrét Pála Ólafsdóttir segir undanfara jafnréttishugsunar. Þetta millimetralýðræði er þannig í framkvæmd að kennarinn skiptir öllu hnífjafnt milli drengjanna: t.d. tíma til þess að tala ef margir þurfa að tjá sig, en þá er hægt að grípa upp klukkuna og skammta tvær mínútur á mann. Viðhorfið til stúlkanna er líka mikilvægt í drengjauppeldinu. Drengjahópar í Hjallastefnuskólum eiga alltaf fastan vinahóp af stelpukjarna sem þeir hitta einu sinni á dag til að æfa samskipti og vináttu. Kennarar gæta þess að halda uppi mjög jákvæðri orðræðu í garð hins kynsins og er það auðveldara í kynjaskiptu starfi þar sem drengirnir horfa ekki sífellt upp á neikvæðar birtingarmyndir staðalmynda kvenleikans. Ein meginstoð Hjallastefnunnar er einmitt jákvæðni og er það auk nýrra viðhorfa til kynjanna eflaust eitt það mikilvægasta sem hægt er að gefa ungum börnum í veganesti. Börnin fá markvissa þjálfun í því að læra að líta á erfiðar aðstæður sem jákvæða lífsreynslu eða tækifæri, í stað þess að velta sér upp úr sjálfsvorkunn eða reiði.



Þetta jákvæða lífsviðhorf myndi eflaust samræmast öllum meginreglum geðræktarsjónarmiða, en samkvæmt þeim telst mikilvægt að læra að líta á erfiðleika sem verkefni en ekki hindranir.

2.1.2.6. Nálægðarkennsla

Nálægðarkennsla er síðan þriðji þáttur félagsþjálfunarinnar í drengjauppeldi Hjallastefnunnar. Með nálægðarkennslunni

er drengjunum gefinn kostur á að vinna með tilfinningar svo og að auka kjark þeirra í nálægð, snertingu og umhyggju hver fyrir öðrum. Nálægðarkennslan hefur líka þann tilgang að minnka streitu því æfingarnar eru alltaf gerðar í rólegu og afslöppuðu andrúmslofti sem gefur kost á að kærleikstengsl skapist milli allra í hópnun. Dæmi um nálægðaræfingar sem notaðar eru í Hjallastefnuskólum eru speglaæfingin, þar sem drengirnir sitja í friði framan við spegil og horfa á sjálfa sig og æfa sig í að segja falleg orð frá hjartans rótum við sjálfa sig í speglinum, handanudd, þar sem tveir og tveir drengir vinna saman og skiptast á að nudda hendur hvors annars með kremi og penslaæfingin, þar sem tveir drengir skiptast á að strjúka andlit hvors annars með mjúkum og hreinum málningarpensli. Einnig geta dýr verið einstaklega hjálpleg í nálægðaræfingum; sérstaklega loðin og mjúk dýr en flestir piltar eiga auðvelt með nánd við dýr, þó sumum reynist nánd við annað fólk erfið.

2.1.3. Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs

Starfið hjá okkur er í stöðugri þróun og endurskoðun. Við reynum alltaf að gera betur til að mæta þeim auknu kröfum sem gerðar eru til faglegs starfs leikskólanna. Komin er ný skólanámskrá sem tekur mið af nýrri Aðalnámskrá leikskóla sem út kom 2011 auk þess sem önnur starfsgögn leikskólans verða aðlöguð nýrri námskrá. Nánari upplýsingar er varða næsta skólaár má lesa í kafla 1.2. svo og í Starfsáætlun Ása.

2.2. Leikskólastarfið

2.2.1. Aðlögun nýrra barna

Að okkar mati er mjög mikilvægt að mynda strax góð tengsl milli heimilis og leikskólans áður en leikskóladvöl hefst. Skólastjóri sér um að hafa samband við foreldra og boða þá viðtal við sig. Þar fylla foreldrar út upplýsingablað þar sem fram koma mikilvægar upplýsingar varðandi barnið, farið er yfir dagsskipulagið, farið er yfir námsskrá leikskólans, heimasíðuna og fjölskyldusíðu leikskólans. Foreldrum gefst kostur á því að kaupa skólaföt svo barnið geti mætt í þeim fyrsta skóladaginn. Við sýnum þeim einnig húsnæði skólans og kynnum starfsmenn skólans. Þetta hefur mælst vel fyrir því gott er að kennarinn sé búinn að mynda tengsl við foreldrana áður en barnið byrjar. Ef foreldrar eru öryggir þá skynjar barnið það. Aðlögunin sjálf fer svo eftir því hvernig gengur hjá hverju og einu barni. Fyrsta daginn stendur heimsóknin yfir í klukkustund og svo ræðst framhaldið af því hvernig gengur. Það skiptir máli að gera þetta þannig að foreldrum og barni líði vel. Það er ánægjulegt að sjá að foreldrar velta fyrir sér þeim valmöguleikum í leikskólastarfi sem í boði eru í bæjarfélaginu. Við fáum marga foreldra sem koma og skoða skólann okkar áður en þeir taka ákvörðun um val á skóla.



í

2.2.2. Dagskipulag - Ásar

07:30 – 08:00 Leikskólinn opnar
 08:00 – 08:30 Valtími
 08:30 – 08:55 Morgunverður
 09:55 – 09:05 Frágangur, samvera á plássi
 09:05 – 10:30 Hópatími, ávextir

10:30 – 11:45 Valtími
 11:45 – 12:00 Tiltekt og skemmtifundur
 12:00 – 13:30 Hádegisverður/hópatími, hvíld hjá yngstu
 13:30 – 15:00 Valtími
 15:00 – 15:15 Nónhressing
 15:15 – 16:15 Samvera/ kveðjustund/ val
 16:15 – 17:00 Gæðagæsla lokað kl:17:00

Dagskipulag Litlu Ásar

07:45 – 08:00 Leikskólinn opnar
 08:00 – 08:55 Morgunmatur / ríslími
 08:55 – 09:05 Frágangur, samvera á plássi
 09:05 – 11:00 Hópatími, ávextir
 11:00 – 11:30 Matartími
 11:30 – 12:00 Ríslími
 12:00 – 14:00 Hvíld
 14:00 – 15:00 Nónhressing
 15:00 – 16:00 Hópatími/ kveðjustund
 16:00 – 16:30 Gæðagæsla lokað kl:17:00

Dagskipulagið er með þessum hætti en tímasetning getur verið mismunandi á milli kjarna vegna þess aldurs sem verið er að vinna með. Í Hjallastefnuleikskóla er það þannig að dagurinn skiptist á milli kennarastýrðs tíma sem eru hópatímar og barnastýrðs tíma sem eru valtímar þar sem börnin velja sér valsvæði og leika sér síðan frjálst þar undir eftirliti kennara. Á valtímum eru sex svæði í boði: Leirkrókur, föndurkrókur, kubbakrókur, leikstofa, sullkrókur og útisvæði. Á Litlu Ásum eru ekki markvissar valstundir.

2.2.3. Skólaföt

Á Ásum og Litlu Ásum, eins og í öðrum Hjallastefnuskólum eru börnin í skólafötum sem eru bláar bómullarbuxur og bolir. Bolina er hægt að fá í rauðum og bláum lit, síðerma eða stuttermma. Einnig eru rauðar flíspeysur og höfuðklútar (buff) í rauðum og bláum lit. Fáanlegar eru líka léttbuxur (leggings), stuttbuxur og pils. Skólafötin eru einstaklega þægileg, börnin eiga auðvelt með að hreyfa sig í þeim og eru sjálfbjarga t.d. á salerni. Auk þess koma skólaföt í veg fyrir samkeppni milli barnanna vegna fatnaðar. Þau efla samkennd milli þeirra þ.e. “Við erum öll í sama liðinu”. Foreldrar panta fötin á netinu sem afhendast síðan í leikskólanum og er orðin hefð fyrir því að foreldrar kaupa skólaföt á barnið sitt áður en þau mæta í fyrstu aðlögun.



Það er svo gaman fyrir barnið að geta mætt í skólafötunum sínum þegar það kemur í aðlögun. Til þess að fullkomna liðsheildina eru kennarar skólans einnig í skólafötum sem eru bolir, flíspeysa eða flísvesti.

2.2.4. Ferðir og uppákomur

Litlu Ásar: Þann 16. júní hélt Litlu Ásar upp á sitt afmæli og héldu sumarhátíðina um leið sem foreldrafélagið sér um.

Jólasöngfundur: Í skólum Hjallastefnunnar tíðkast það að halda jólasöngfundinn hátíðlegan og með rólegu yfirbragði. Báðir skólarnir voru með jólasöngfundinn 12. desember og var hann í alla staði mjög hátíðlegur. Börnin sátu kringum ljósum skreytt jólatréð og sungu jólalög. Til að skapa sem mesta rósemd þá höfum við þann háttinn á að aðeins tveir kjarnar eru saman í einu á söngfundi. Þar sem við erum með aldurs- og kynjaskiptingu þá hittast þeir vinakjarnar sem eru með sama aldur eins og gert er á hefðbundnum söngfundum. Á Ásum sá Laufey Sigurðardóttir um fiðluleik og Finnur Torfi Stefánsson um gítarleik. Hefðbundinn jólasöngfundur á Litlu Ásum.

Sparifatadagur: Þann 6. Janúar eða á þrettándanum, vorum við með sparifatadag á Ásum. Þá mættu allir nemendur og kennarar í sparifötunum sínum í leikskólann. Þessi venja hefur tíðkast í Hjallastefnuskólunum þar sem við erum alltaf í skólafötunum okkar árið um kring. Þetta er skemmtilegur siður þar sem við kveðjum jólin og hefur mælst vel fyrir hjá öllum. Við gerðum okkur glaðan dag og nutum þess að sýna okkur og sjá aðra í sparifötunum. Þess má geta að það var ekki minni upplifun hjá börnunum að sjá kennararana í sínu finasta þússi.

Þorinn: Á Þorranum gerðum við mikið af því að upplýsa og fræðast um menningarlega arfleið okkar. Það gerðum við í gegnum söng, þulur og bækur um Íslenska þjóðhætti. Einnig var þorrablot þar sem við smökkuðum á hinum ýmsu tegundum af þorramat. Það var ánægjulegt að sjá hvað börnin voru kjörkuð að gæða sér á þjóðlega matnum sem í boði var. Nánar er fjallað um þetta í kafla 4.1.3.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur: Við héldum þessa daga að sjálfsögðu hátíðlega með tilheyrandi hætti. Á öskudeginum mættu allir í grímubúningum af ýmsu tagi, bæði börn og kennarar skólans. Allir hópar fóru um skólann með kennurum sínum, til að sýna okkur og sjá aðra. Einnig var tónlist í salnum þar sem dansað var og sungið. Nokkrir kjarnar voru búnir að æfa skemmtiatriði, þeir gengu á milli kjarna og sýndu atriðið sitt.

Sveitaferð: börnin á Ásum fóru í sveitaferð þann 7. maí að Bjarneyjarsandi þar sem sveitin var rannsökuð og fjaran. Börnin fengu að skoða dýrin og fá nasasjón af því hvað á heima í sveitinni. Foreldrafélagið sá um þessa ferð sem farin var á laugardegi með mikla lukku barnanna.



Útskriftarferð: Farið var í Vatnaskóg með útskriftarárgang Ása þann 27. maí. Þetta var dagsferð þar sem leikir, fræðsla og gleði voru allsráðandi. Mikil tilhlökkun fylgir þessari ferð og ákveðinn ljómi sem umvefur hana í huga barnanna sem eru að halda af stað

í þetta ævintýri. Það er ákveðin upphafning sem felst í því að ganga út úr skólanum með tösku á bakinu og stíga upp í rútu sem ber mann á vit ævintýranna. Hin sem yngri eru fylgjast með í gegnum gluggana og hlakka til að fara í svona ferð seinna meir. Það voru þreytt en glöð börn sem komu heim að lokinni útskriftarferð. Almenn ánægja er með heimsóknir okkar í Vatnaskóg hjá börnum og fullorðnum.

Útskriftarhátíð: Þann 3. júní var útskrift elstu barnanna. Kennarar afhentu hverju og einu barni útskriftarbók og óskastein. Að því loknu var sumarhátíð Ása þar sem öllum var boðið upp á veitingar sem vöktu mikla lukku. Útskriftarhátíðin er alltaf yndisleg en jafnframt finna kennarar fyrir söknuði þegar verið er að kveðja börn og foreldra sem hafa verið með okkur í nokkur ár.

Litlu Ásar: Foreldrafélagið heldur fjölskyldumorgna í lok nóvember og í mars. Fjölskyldumorgnarnir eru á laugardagsmorgni til að trufla ekki börnin í starfi í leikskólanum en sökum ungs aldurs eru börnin viðkvæm fyrir breytingum á dagskrá. Í júní var svo vegleg sumarhátíð sem foreldrafélagið sá um.

2.2.5. Gestir

Það er alltaf gaman að fá heimsóknir í leikskólann og við tökum að sjálfsögðu vel á móti öllum sem til okkar koma. Í vetur hafa fjölmargir heimsótt okkur og kynnt sér starfið. Við fáum gjarnan yfir veturinn heimsóknir frá nemendum grunnskóla og framhaldsskóla sem eru að vinna verkefni og vilja kynna sér starfið og stefnuna.

Reglulega yfir skólaárið bjóðum við foreldrum, vinum og ættingjum barnanna í heimsókn til okkar.

3. Starfsmannahald

3.1. Móttaka nýrra starfsmanna

Leikskólastjóri tekur nýjan starfsmann í viðtal og ræða við hann um námsskrá Hjallastefnunnar og þau viðhorf sem við fylgjum í skólanum. Það skiptir miklu máli að viðkomandi hafi áhuga á að vinna með börnum og tileinki sér starfshætti skólans. Jákvæðni, gleði, kærleikur, virðing og agi eru þau viðhorf sem skipta miklu máli því þá náum við öllu öðru í starfinu fram. Við leggjum áherslu á að samskipti milli starfsmanna séu góð og sveigjanleiki í starfi er mikilvægur þáttur. Við sýnum nýjum starfsmanni skólann og kynnum fyrir öðrum í skólanum. Viðkomandi kjarni sem starfsmaðurinn fer á tekur svo við þjálfun hans og ber ábyrgð ásamt stjórnendum skólans á að hann aðlagist umhverfinu. Við reynum eftir fremsta megni að setja nýjan starfsmann inn á kjarna með þeim sem eru vanir Hjallastefnukennarar því þar fæst besta þjálfunin. Nýliðanámskeið eru einnig í boði í janúar ef þörf krefur.

Á þessum vinnustað eins og öðrum skiptir máli að taka vel á móti öllum og að fólk upplifi sig strax sem hluti af hópnum. Í því samhengi er mikilvægt að skipuleggja reglulega uppákomur, ferðir, vinaviku og fleira sem þjappar hópnum saman.

3.2. Símenntun og starfsþróun

Haustönn:

Á haustönn voru síðan 3 lotufundir sem voru alltaf kl:17-19 á miðvikudögum fyrir hverja lotu. Á lotufundum er farið innihald komandi lotu. Síðan eru reglulegir leikskólastjórafundir hjá Garðabæ þar sem viðfangsefni er misjafnt eftir fundum. Einnig hittast skólastjórar Hjallastefnuskólanna.

Haustönn

19.ágúst. Starfsmannafundur 4 tímar.

10. september. Nýliðanámskeið Hjallastefnunnar.

11. september. Skipulagsdagur / hauststefna Hjallastefnunnar.

23. september. Starfsmannafundur 2 tímar.

28.október. Skipulagsdagur. Leikur að læra - innlögn

5. nóvember. Starfsmannafundur 2.tímar.

17. nóvember fyrirlestur um einelti á vegum foreldrafélagsins fyrir starfsfólk og foreldra.

Vorönn:

2.janúar ½ starfsdagur. Framh. Leikur að læra.

16. febrúar. Starfsmannafundur 2 tímar.

11.mars Ráðstefna SSSK

23.mars. Starfsmannafundur 2 tímar.

13 – 18 L. Ásar námsferð til Malmö í Svíþjóð

18.maí. Slysavarnarnámskeið Ásum.

18.maí. Velferð barna

27.maí námskeið fyrir skólastjóra – lögbundin gögn.

3.3. Faglegur stuðningur og innra samstarf

Faglegur stuðningur: Margrét Pála Ólafsdóttir fræðslustjóri og höfundur Hjallastefnunnar er faglegur ráðgjafi leikskólans og við leitum mikið til hennar. Hún er alltaf tilbúin til að leiðbeina og veita stuðning.

Stjórnendur í Hjallastefnuskólum hittast einu sinni í mánuði á sameiginlegum fundum árið um kring. Þar er farið yfir ýmsar samræmingar sem snúa að rekstri og faglegu starfi. Einnig eru þessir fundir faglegur stuðningur fyrir stjórnendur og hafa verið fengnir fyrirlesarar með ýmsan fróðleik sem tengist stjórnunarstarfinu.

Kjarnastjórafundir eru haldnir með reglulegu millibili. Þá hittast kjarnastjórar, sérkennslustjóri og stjórnendur skólans. Þar fara fram faglegar umræður og upplýsingastreymi. Kjarnastjórar nota hluta af undirbúningstíma sínum í þessa fundi.

Starfsmannafundir eru að einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Á starfsmannafundum er lögð áhersla á faglegar umræður, fræðslu um Hjallastefnuna, ýmsan fróðleik, upplýsingastreymi og stundum eru fengnir fyrirlesarar. Hluti af starfsmannafundi fer í kjarnafundi þar sem hver kjarni hefur tækifæri á að setjast niður, ræða um mál tengd kjarnanum, barnahópnum og sinna ýmsum mikilvægum málum. Einnig hittast þeir kennarar sem vinna með sama aldurinn og skipuleggja blandaða hópatíma og miðla

þekkingu á milli. Starfsmannafundir eru afar mikilvægir fyrir fagstarfið sem leggur grunn að góðum skóla.

Matráðar í Hjallastefnuskólum funduðu nokkrum sinnum yfir veturinn. Með þessum fundum fá matráðar tækifæri til að hittast og miðla af reynslu sinni. Einnig er farið yfir rekstrarkostnað mótuneytis hvers skóla fyrir sig. Leitað er eftir sameiginlegum sparnaðarleiðum í innkaupum og nýtingu matar án þess að það komi niður á gæðum.

Stjórnendur skólans eru ávallt til taks fyrir starfsfólkið og aðra sem til þeirra leita um faglegan stuðning og ráðgjöf.

3.4. Nám með vinnu og námsleyfi

Ásar

Einn starfsmaður er í Hjallabrunni sem er leikskólalabru með áherslu á kynja og jafnréttismál.

Litlu Ásar

Tveir starfsmenn eru í Hjallabrunni. Ein í leikskólalabru FG.

4. Samstarf

4.1. Samstarf og tengsl utan leikskólans

4.1.1. Tengsl við ráðgjafarþjónustu

Berglind Brynjólfsdóttir sálfræðingur sér um ráðgjöf og greiningu á Litlu Ásum og Ásum en hún er yfirsálfræðings hjá Hjallastefnunni. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur hefur einnig séð um greiningu og ráðgjöf fyrir leikskólann. Einnig höfum við leitað ráðgjafar hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Garðabæjar. Þar er okkar tengiliður Margrét Þórarinsdóttir.

Faglegur ráðgjafi leikskólans er sem fyrr Margrét Pála Ólafsdóttir höfundur Hjallastefnunnar og leitar skólinn sérfræðikunnáttu hennar eftir þörfum.



4.1.2. Tengsl við aðra leikskóla

Mestu tengsl Ása eru við aðra leikskóla í rekstri Hjallastefnunnar ehf. og nota Námskrá Hjallastefnunnar sem grundvöll fyrir starfi sínu. Þetta eru bæði fagleg og rekstrarleg tengsl. Stjórnendur leikskólanna hittast reglulega á fundum, haldin eru sameiginleg námskeið og skólarnir skiptast á faglegum ráðgjöfum. Matráðar skólanna hittast líka á fundum yfir veturinn þar sem farið er yfir ýmis mál er varða eldhús skólanna. Einnig eru fagleg tengsl við aðra skóla sem nota Hjallastefnuna í fagstarfi sínu og þá sérstaklega leikskólann Hjalla. Við höfum undanfarin ár verið í samstarfi við Barnaskólann á Vífilstöðum vegna sameiginlegra verkefna og verkefnisins Brúum bilið. Í Garðabæ eru að auki fjöldi leikskóla sem Ásar hefur fagleg samskipti og samstarf við á einn eða annan hátt. Elsti árgangurinn fer í heimsóknir tvisvar á vorönninni.

4.1.3. Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf

Enskukennsla: Öll börn á Ásum fengu enskukennslu í vetur. Kennslan fór fram í formi leiks og söngs þar sem lögð voru inn orð og setningar á ensku. Enskukennarinn okkar síðastliðinn vetur var Elizabeth Nunberg. Hún er enskumælandi þannig að allir þurfa að styðjast við enskuna til að geta talað við hana. Hún kemur á fyrirfram ákveðnum tíma á hvern kjarna. Enskukennslan er sniðin eftir aldri og þroska barnanna. Hópstjórar voru alltaf með, tóku þátt og tileinkuðu sér aðferðir hennar. Enskunni er svo haldið áfram á lofti með því að syngja söngvana á kjarna.

Samstarf milli leik- og grunnskóla: Þar sem í leikskólanum hjá okkur eru elstu börnin okkar 4 ára þá höfum við samvinnu við BSK í Garðabæ.

Bókasafn Garðabæjar: Börn frá Ásum hafa farið reglulega í heimsóknir á Bókasafn bæjarins bæði til að hlusta á sögur og skoða bækur. Þar geta börnin tekið heim með sér bækur og lesið með foreldrum sínum.

Listahátíð barna og ungmenna í Garðabæ var haldin hátíðleg í ár: Þemað í ár var ljóðið „Vorvindar glaðir” og teiknuðu börnin mynd eftir því sem sett var í svartan ramma og hengd upp í Ásgarði.

4.1.4. Nemar

Engir nemar komu til okkar á Ásum þennan vetur.

4.2. Samstarf heimilis og skóla

Markmið með foreldrasamstarfi er skv. Aðalnámskrá leikskóla að „veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans, veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum, afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra, stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.“

4.2.1. Daglegt samstarf

Hjallastefnuleikskólar leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla og eru fjölmargir þættir leikskólastarfsins sniðnir til þess að hvetja til og styðja við þetta samstarf. Þjónustumiðun



skólans er hugsuð til þess að auðvelda barnafjölskyldum lífið en til dæmis býðst foreldrum að kaupa aukavistunartíma með engum fyrirvara ef illa stendur á eða eitthvað óvænt kemur upp og þannig verður gæsla og velferð barnsins samvinnuverkefni heimilisins og leikskólans sem tekur aukna ábyrgð á að aðstoða fjölskylduna. Öllum foreldrum í öllum Hjallastefnuleikskólum stendur til boða að koma í heimsókn í leikskólann án fyrirvara og dvelja sem gestir og fylgjast með barninu í leik og starfi. Skipulag starfsins í Hjallastefnuleiksólum er með þeim hætti að starfsmaður er ávallt í fataklefa fyrsta opnunartíma leikskólans til þess að taka á móti börnum og

foreldrum, fá fréttir af líðan og gengi barnsins heima, svara spurningum foreldra og koma skilaboðum frá heimilinu áleiðis til þess starfsmanns sem annast barnið yfir daginn. Auk þessa daglega samstarfs er skipulagt samstarfs heimilis og skóla í formi funda, viðtala og ýmissa atburða yfir skólaárið.

4.2.2. Upplýsingastreymi

Hjallastefnan ehf. rekur stærsta leikskólavef landsins www.hjalli.is sem er beintengdur við gagnagrunn innan rekstrarforritsins „Stjórnandans“. Vefnum fylgir vefumsjónarkerfi sem gerir starfsfólki með litla tölvukunnáttu auðvelt að koma upplýsingum á vefinn og eru með reglulegu millibili settar fréttir af starfi hvers kjarna inn á kjarnasiðuna og fréttir af heildarstarfi skólans á forsíðu skólans. Fyrst og fremst felst þó upplýsingamiðlun til foreldra í myndasafni skólans en leikskólinn setur mörg hundruð myndir á mánuði á vefinn. Myndasafnið er nokkurs konar gluggi fjölskyldunnar inn í leikskólastarfið en þar má sjá myndir af börnunum í leik á valtim, af hópastarfi og öðru starfi kennara með börnunum. Foreldrar fá myndirnar af sínu barni afhentar á geisladiski í lok leikskóladvalarinnar. Hátt hlutfall foreldra í leikskólanum hefur aðgengi að veraldarvefnum og fylgist með upplýsingum á vef leikskólans en fyrir þá örfáu sem ekki nýta sér vefinn eru prentaðar út tilkynningar og fréttir af vefnum. Karellen er ný vefsíða og smáforrit sem tekin var upp í vetur og verið er að þróa og bæta.

4.2.3. Fundir og viðtöl

Foreldrasamtöl voru haldin tvisvar sinnum á starfsárinu, í október og mars. Foreldrasamtölin voru haldin á laugardegi og tókst það einstaklega vel. Það gaf báðum foreldrum kost á að koma, á meðan sáu leikskólastjórinn og fleiri um börnin í salnum. Foreldrar hafa líka alltaf greiðan aðgang að starfsmönnum hvers kjarna og geta fengið viðtal ef þurfa þykir. Í

Foreldrafélögin á Ásum og Litlu Ásum eru með samráð varðandi suma viðburði. Stjórnandi leikskólans hafa haft þann hátt á frá því skólinn opnaði að sitja hluta af fundi með þeim. Það hefur gefist mjög vel og almenn ánægja með það.

Einnig hafa formenn foreldrafélaga leikskóla í Hjallastefnuleikskólum hist á fundi einu sinni yfir skólaárið. Á þeim fundi hafa stjórnendur verið með. Þetta eru góðir fundir til að miðla á milli og samræma ýmsar hátiðir og hefðir.

4.2.4.Þátttaka foreldra

Á Ásum er starfandi virkt foreldrafélag sem stofnað var fljótlega eftir að leikskólinn opnaði. Stjórn félagsins hittist reglulega á fundum yfir starfsárið og hefur það þróast þannig að



stjórnendur skólans mæta líka á þá fundi. Það skiptir miklu máli að samvinnan milli félagsins og leikskólans sé góð. Foreldrafélagið stóð fyrir margvíslegum atburðum og uppákomum í þágu barnanna og studdi við verkefni á vegum leikskólans. Góð tengsl á milli heimilis og skóla finnst okkur á Ásum skipta miklu máli.

Í desember kom leikhópurinn Vinir og sýndi okkur leikritið Strákurinn sem týndi jólonum, þetta er falleg jólasaga sem náði vel til barnanna. Foreldrafélagið bauð upp á tveggja vikna

tónlistarkennslu í byrjun sumars.

Sumarhátiðin var haldin föstudaginn 3. júní á milli 14 og 16 í sól og blíðu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu, framkvæmd og frágang í samvinnu við kennara skólans. Áður en formleg dagskrá byrjaði var andlitsmálun í boði fyrir þau börn sem vildu. Allir kjarnar voru með söngatriði. Við buðum upp á popp og safa. Á útsvæðinu myndaðist góð stemning í yndislegu veðri. Við viljum þakka foreldrafélaginu fyrir sinn þátt í fjölskylduhátiðinni. Það er samstilltur hópur foreldra og kennara sem gerir svona hátiðir að veruleika. Þetta er frábært foreldraframlag sem allir í leikskólanum kunna vel að meta. Sirkus Íslands kom og skemmti hópnum.

Í Hjallastefnuskólum tíðkast það að foreldrum er boðið að fylla út eyðublað þar sem þeir taka fram ef þeir geta lagt fram 2 - 4 klst. vinnu á einhvern hátt. Við köllum þetta fjölskylduframlag. Mikilvægt er að barnið sé með foreldrinu og fái að hjálpa til þegar framlagið er innt af hendi. Þetta er að sjálfsögðu ekki skylda heldur einungis valkostur fyrir þá sem vilja og geta lagt af mörkum. Kostirnir eru ótvíræðir: Aukin samvinna styrkir tengslin og eykur þekkingu, aukin fjölbreytni verður á starfinu með aðkomu fjölskyldanna, álag minnkar á skólunum og fl. Þetta getur verið smíðavinna, aðstoð í starfi, létt garðvinna, koma fram á skemmtunum á vegum skólans og fl. Á liðnum vetri voru ýmis framlög frá foreldrum. Til að mynda var það aðstoð við rafmagn og smíðar og vinna á kjarna. Það er okkar reynsla að þegar leitað er til foreldra þá taka þeir yfirleitt vel í að aðstoða eins og þeir geta. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir þetta frábæra samstarf.

Foreldrafélagið styrkti líka útskriftarferð elstu barnanna þegar farið var í Vatnaskóg með því að greiða kostnað fyrir hvert barn. Í sveitaferðina er rukkað og foreldrafélagið borgar síðan afganginn. Borguðu einnig tónlistarnámskeið fyrir elstu börnin.

Litlu Ásar

Foreldrafélagið heldur fjölskyldumorgna í lok nóvember og í mars þeir eru á laugardagsmorgni til að trufla ekki börnin í starfi í leikskólanum. Í júní er svo vegleg sumarhátíð sem foreldrafélagið sér um.

Við viljum færa Foreldrafélaginu okkar bestu þakkir fyrir öflugt starf og gott samstarf á milli heimilis og leikskólans. Það er ómetanlegt að hafa svona gott félag sem hjálpar okkur að gera gott starf enn betra.

5.Ytri umbúnaður leikskólastarfsins

Ytri umbúnaður leikskólastarfsins á Ásum er sæmilegur. Húsnæði og búnaði er vel viðhaldið en mikil þörf er á nýjum húsbúnaði fyrir börn.

Á Litlu Ásum var skipt um þak en á eftir að klára allan frágang, ásamt hinum ýmsu verkum.

6.Tölulegar upplýsingar

6.1.Nemendur

Þann 1. des. 2015 voru 94 nemendur á Ásum og á Litlu Ásum 53 barn og var skipting þeirra eftirfarandi eftir aldri og kyni:

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Samtals
2011	14	13	27
2012	17	18	35
2013	16	15	31
2014	1		1
2013	27 (á Litlu Ásum)	26 (á Litlu Ásum)	53 (á Litlu Ásum)
Samtals:			147

6.2. Starfsfólk

Í desember 2015 voru 33 starfsmenn á Ásum í 25,811 stöðugildum, fyrir utan ræstingu. Á Litlu Ásum voru 18 starfsmenn í 17,530 stöðugildum. Hlutfall faglærðra í heild þann 1. desember var 33,33 %. Í desember 2015 greiddu starfsmenn á Ásum í stéttarfélögin KÍ og Hlíf.

Stjórnandi á Ásum er Gróa Margrét Finnsdóttir, stjórnandi á Litlu Ásum er Erna Káradóttir.

Í skýrslunni er vísað til eftirfarandi heimilda:

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*

Caroline Pratt (1948). *I learn from children.*

Hjallavefurinn (2006). www.hjalli.is. Sótt þann 15.nóvember.

Margrét Pála Ólafsdóttir (1999). *Námskrá Hjallastefnunnar*.